

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bygging á Bessastöðum.

1860.
25. júní.

Eptir að þér samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. októbr. f. á. voruð búinir að láta þrisvar bjóða upp jörðina Bessastaði til byggingar í 2 ár, þá hafið þér, eptir því sem þér skýrið frá í bréfi 10. janúarm. í vetur er leið, lagt samþykki yðar 31. júlím. í fyrra sumar á hæsta boð, 56 ríkisd., er gjört var á síðasta uppboðsþinginu, og cand. phil. St. Thordersen átti; en hinsvegar hafið þér ekki tekið til greina tvö eptirboð, sem þeir komu fram með eptir að þriðja uppboðinu var lokið, yfirréttardómari Benedikt Sveinsson með 80 ríkisdala boð og yfirréttardómari Jón Pétursson með 70 ríkisdala boð, með því það og hafi verið nægilega kunngjört á undan síðasta uppboðinu, að engu eptirboði yrði gaumur gefinn.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin álitur, að þér hafið farið öldungis rétt að í máli þessu, og að hún því með öllu fellst á það, að þér hafið lagt samþykki á hið hæsta boð, er cand. phil. St. Thordersen bauð á hínu síðasta uppboðsþingi.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi um það, hvort leggja skuli nokkra bæi í Leiðvallar hrepp til Kleifa hrepps.

5. júlí.

Dómsmálastjórnin hefir með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 16. desemberm. f. á., fengið ýmsar ítarlegri skýrslur, er beðið var um í bréfi 31. ágústm. 1858, út úr bænarskrá þeirri, er hingað kom frá ábúendunum á Efri- og Syðri Steinsmýri, Gamlabæ og Króki í Leiðvallar hrepp í Skaptafells sýslu, um að fá ábúðarjarðir sínar að skildar frá hreppsfélagi því, sem þær eru nú í, en fá þær aptur sameinaðar við Kleifa hrepp í sömu sýslu.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til birtingar þeim, er hlut eiga að máli,

1860. að þaræð breyting sú, sem áður er getið, eptir því, sem sèst af
 5. júlí. álitsskjölunum um málefni þetta, yrði til töluverðs skaða fyrir
 Leiðvallar hrepp, nema því að eins að Kleifa hreppur væri skyld-
 áður til að taka að sèr meira af hreppshyngslunum í Leiðvallar
 hrepp, en sveitarstjórnin í Kleifa hrepp hefir viljað gangast
 undir, þá finnur stjórnin ekki næga ástæðu til að veita það,
 sem um var sótt.

5. júlí. **40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
 norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp
 sveitarómaga.**

Í bréfi 1. októbermánaðar f. á. hafið þér, herra amtmaður, skotið undir úrskurð stjórnarinnar ágreiningi millum Presthóla hrepps í Þingeyjar sýslu og Jökuldals- og Hlíðarhrepps í Norður-múla sýslu, útaf kröfu, er Presthóla hreppur gjörir til hins síðarnefnda hrepps, um að fá endurgoldinn styrk, er óskilgetið barn, Soffía Sveinsdóttir að nafni, þáði af sveit árin 1838—1844, og var það alls 123 ríkisdalir 9 sk.

Af bréfi yðar, því er áður er getið, og fylgiskjöllum þess, sèst: að þetta óskilgetna barn fæddist í Jökuldals- og Hlíðarhrepp árið 1830; að sökum fátæktar foreldranna var því lagt af sveit þar í hreppnum árið 1831, með því það eptir hinum eldri lögum bar að álíta sveitlægt í fæðingarhreppi sínum; að þegar móðir barnsins, er þá var á flækingi, árið 1832 var rekin á sveit sína, sem síðar reyndist að vera Presthóla hreppur, þá tók hún barnið með sèr þangað; að sira Sigfús Finnsson eittsinn síðar greiddi henni 120 álnir eður 26 rdl. af fè Jökuldals- og Hlíðarhrepps til uppeldis barninu; að þaræð hún ekki optar fèkk styrk af sveit þessari, var umkvörtun um það hennar vegna send amtmanni 16. nóvembermánaðar 1835, og að amtmaður leitaði upplýsinga um málið og úrskurðaði síðan 18. desembermánaðar 1837, að barnið ætti sveit með móður sinni í Presthóla hrepp, samkvæmt reglugjörið 8. janúarmánaðar 1834.